



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

13. sept. 2018 – Pistill nr. 39



Sameiginlegur starfsmannadagur

Sameiginlegur starfsmannadagur hjá starfsfólki Skútustaðahrepps var haldinn í gær í Reykjahlíðarskóla en þetta er í annað sinn sem þetta er gert með þessu sniði. Fyrir hádegi voru stofnanir sveitarfélagsins með sína eigin dagskrá. Eftir hádegi sameinuðust allir starfsmenn sveitarfélagsins, um 30, þar sem farið var yfir sameiginleg starfsmannamál, hlýtt á fyrirlestra frá sérfræðingum og unnið í hópum.


Starfsmannadagurinn tókst mjög vel og ánægjulegt að sjá samtakamátt starfsfólksins. Talsvert hefur verið unnið í mannauðsmálum undanfarin misseri og er þessi starfsmannadagur liður í þeirri vinnu.

Fasteignamat hækkar um 9,6%

Lagt fram bréf fyrir sveitarstjórn frá Þjóðskrá Íslands þar sem tilkynnt er um fasteignamat 2019. Heildarmat fasteigna í Skútustaðahreppi hækkar um 9,6% á milli ára en á landsvísu hækkar matið um 12,8%.



Sannkölluð veðurblíða hefur ríkt í Mývatnssveit að undanfögnu. Myndin er tekin af toppi Hlíðarfjalls síðasta sunnudag.



Kynning á byggingaráformum í Klappahrauni – Nú er tækifærið!

Í dag fimmtudaginn 13. september milli klukkan 19:00 og 21:00 verður opið hús á hreppskrifstofunni, Hlíðavegi 6 þar sem áform um byggingu íbúðarhúsnæðis í Klappahrauni verða kynnt. Fyrirhugað er að reisa raðhús í Klappahrauni með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum sem áætlað er að verði tilbúnar til afhendingar næstkomandi sumar. Kynntar verða teikningar af húsunum ásamt verðhugmyndum. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og kynna sér málið, allir velkomnir. Spennandi tækifæri að eignast nýtt húsnæði á hagstæðu verði. Skipulagsfulltrúi og fulltrúi Húsheildar verða á staðnum og svara spurningum.



Betra seint en aldrei

Nýjasti ráðningarsamningur sveitarfélagsins er jafnframt við þann starfsmann sem er með lengstan starfsaldur hjá sveitarfélaginu! Þau tímamót urðu nefnilega í síðustu viku að sveitarfélagið skrifaði loks undir fastráðningasamning við Inga Þór Yngvason minka- og refaskyttu og meindýraeyðir.

Hann hefur starfað sem slíkur á vegum Skútustaðahrepps síðan 1. maí 1976 og er án nokkurs vafa sá fremsti í sínum flokki á landsvísu og þótt víðar væri leitað. Ingi Þór hefur unnið frábært starf í gegnum tíðina í Mývatnssveit og víðar sem seint verður full þakkað.



Sungið í Hlíðarrétt

Margt var um manninn og fé í Hlíðarrétt á dögnum. Að vanda var sungið undir stjórn Þorláks Páls Jónssonar áður en fé var dregið í dilka.

Ánægjulegur viðsnúningur hjá Mývatnsstofu

Þann 5. september s.l. var aðalfundur Mývatnsstofu haldinn en stofan er nokkurs konar regnhlíf fyrir ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit og hefur haldið utan um upplýsingagjöf til ferðamanna, heimasíðu, markaðssetningu og viðburðastjórnun. Mývatnsstofa hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin misseri en í ársbyrjun 2017 var ákveðið að loka upplýsingabás stofunnar í Mývatnsstofuhúsinu og einbeita sér að markaðssetningu á netinu og viðburðastjórnun. Í Mývatnsstofuhúsinu starfrækir nú Umhverfisstofun gestastofu og upplýsingamiðlun til ferðamanna. Soffía Kristín Björnsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri Mývatnsstofu af nýrri stjórn. Settur var meiri kraftur í markaðssetningu á netinu, sérstaklega samfélagsmiðlun og viðburðastjórnun eins og Jólasveinana í Dimmuborgum og Mývatnsmarþon. Hefur þessi stefnubreyting skilað sér vel. Jólasveinaverkefnið í Dimmuborgum er sífellt að stækka m.a. með sumarsýningum og Mývatnsmarþonið stækkaði mikið í sumar. Er virkilega ánægjulegt að sjá hversu öflug starfsemin

er orðin og rekstur Mývatnsstofu að styrkjast. Þeir fáu ferðapjónustuaðilar hér sem enn eiga eftir að skrá sig og vera með í Mývatnsstofu, eru hvattir til þess að gera það sem fyrst því sameinuð stöndum við miklu styrkari.

Sveitarstjórn lýsti yfir ánægju sinni hversu vel hefur tekist til með endurreisn félagsins.

Hamingja sveitunga

Dagbjört Bjarnadóttir sveitarstjórnarfulltrúi fór yfir hugmynd að verkefni á fundi sveitarstjórnar sem kynnt var upphaflega á fyrsta fundi velferðar- og menningarmálanefndar þar sem lagt er til að mæla og auka hamingju íbúa sveitarfélagsins. Hugmyndin hefur verið kynnt fyrir Embætti landlæknis sem sýndi því mikinn áhuga. Velferðar- og menningarmálanefnd lagði til við sveitarstjórn að farið verði í þetta áhugaverða verkefni. Skipaður verði stýrihópur til að halda utan um verkefnið undir stjórn Dagbjartar.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða tillögu velferðar- og menningarmálanefndar. Tillaga að stýrihóp og kostnaðaráætlun verði lögð fyrir næsta fund nefndarinnar.



Frá göngunni í gær um Hofstaði.

Lýðheilsugöngurnar fara vel af stað

Eins og í fyrra var lagt upp með lýðheilsugöngur á miðvikudögum í september nk. undir kjörorðinu „Lifum og njótum“. Göngurnar hefjast kl. 18:00 alla miðvikudaga vítt og breitt um landið og var fyrsta gangan 5. september. Gengið var um Brunaborg í

landi Reykjahlíðar. Vel var mætt enda veður frábært í úrvals félagsskap. Í gær var svo gengið um hið sögufræga land Hofstaða með viðkomu í Hofstaðaey og mættu um 25 manns í úrvals veðri í leiðsögn Egils Freysteinsonar. Næsta ganga miðvikudaginn 12. júní verður fyrir ofan Reykjahlíðarþorpið, mæting við Icelandair hótelið (Reynihlíð) kl. 18.00.

Vetrarstarf eldri Mývetninga

Sveitarstjóri lagði fram drög að dagskrá fyrir vetrarstarf eldri Mývetninga næsta vetur sem unnin var í samstarfi við Þórdísi Jónsdóttur og Ástu Price sem sjá áfram um starfið í vetur. Starfið síðasta vetur gekk mjög vel í nýrri aðstöðu í íþróttamiðstöð. Lagt er til að starfið verði á svipuðum nótum og áfram verði ókeypis akstursþjónusta í boði sveitarfélagsins. Jafnframt er lagt til að starfið verði á miðvikudögum í stað fimmtudaga en slíkt gengur upp gagnvart Reykjahlíðarskóla. Velferðar- og menningarmálanefnd list vel á framlagða dagskrá og hvetur eldri Mývetninga til þess að taka þátt í starfinu í vetur. Sveitarstjórn tekur undir bókun velferðar- og menningarmálanefndar. Starfið verður auglýst fljótlega.

Umferðaröryggisáætlun fyrir alla sveitina

Vegagerðin hefur unnið að umferðarmælingum við Skútustaði í sumar og er beðið eftir niðurstöðum. Sveitarfélagið hefur jafnframt unnið að því að taka út umferðaröryggi í Reykjahlíð.

Undanfarin ár hafa sveitarfélög verið sérstaklega hvött til að gera ætlun um umferðaröryggi.

Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga miða að því að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélaga og almennings. Í því felst að greina stöðuna, finna slysaðaði, setja sér markmið og gera aðgerðaráætlun. Tilganguriunn er að stuðla að skilvirkari forgangsröðun verkefna í umferðaröryggismálum.

Sveitarstjóri hefur reynslu af slíkri vinnu og honum var falið, í samvinnu við skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa, að kalla saman stýrihóp til þess að undirbúa gerð Umferðaröryggisáætlunar Skútustaðahrepps með viðtæku samráði við íbúa

og aðra hagsmunaaðila. Markmiðið er að áætlunin verði tilbúin í lok febrúar.

Úthlutunarreglur um menningarstyrki

Velferðar- og menningarmálanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt að tillaga að úthlutunarreglum um menningarstyrki Skútustaðahrepps fari í opinbert umsagnarferli. Skútustaðahreppur hefur mörg undanfarin ár veitt menningarstyrki tvisvar á ári í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni. Nú er hins vegar búið að ramma úthlutunarreglurnar betur inn. Drögin að úthlutunarreglunum er að finna á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Ný Menningarverðlaun

Fyrir sveitarstjórn voru lagðar fram reglur um ný menningarverðlaun sem yrðu að jafnaði veitt árlega. Val á þeim sem hljóta menningarverðlaun Skútustaðahrepps er samstarfsverkefni velferðar- og menningarmálanefndar og íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir reglugerðina og vísar málinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

Stefnumótun í ferðapjónustu

Oddviti fór yfir stöðu stefnumótunar í ferðapjónustu í sveitarfélaginu sem unnið var að á síðasta kjörtímabili. Sveitarstjórn samþykkti að fela oddvita og sveitarstjóra að leggja fram minnisblað með tillögu að framgangi verkefnisins og leggja fram fyrir næsta fund sveitarstjórnar 26. september.

Rekstur í samræmi við áætlanir

Á fundi sveitarstjórnar gerði sveitarstjóri grein fyrir rekstraryfirliti Skútustaðahrepps og stofnana fyrir tímabilið janúar til júní 2018. Reksturinn er að mestu leyti í samræmi við fjárhagsáætlun. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn fyrirbyggjandi samkomulag við Íslandsbanka og Sparisjóð Suðurlingeyinga á grundvelli fyrirbyggjandi tilboða um fjárvörslu fyrir sveitarfélagið. Ennfremur voru lögð fram frá tilboð frá Inkasso, Motus, Íslandsbanka og Sparisjóði Suðurlingeyinga, um innheimtuþjónustu fyrir

Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn samþykkti að ganga til viðræðna við Inkasso.



HRÓS DAGSINS...

Fá Mývetningarnir Stefán Jakobsson og Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir sem standa í útgáfu á mjög metnaðarfullum sólóplötum þessa dagana. Stefán hélt sína útgáfutónleika um síðustu helgi (endurtekur leikinn fyrir sunnan á morgun) og Fanney er með sína í kvöld. Til hamingju Stefán og Fanney með sólóplötunum.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. með fastanefndum sveitarfélagsins, brunavarnanefnd, forstöðumönnum, með Eypingi, menningarfulltrúa Eypings, fráveituhópnum í Mývatnssveit, o.fl. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri